

Reykjavík, 11. september 2014

59. Landsþing LH á Selfossi 17. og 18. október 2014
Gisting & veitingar – Hótel Selfoss

Kæru formenn hestamannafélaganna,

59. Landsþing LH nálgast óðfluga og því nauðsynlegt fyrir alla að halda vel á spöðunum varðandi allt skipulag og undirbúning. Eins og áður hefur komið fram, verður þingið haldið á Hótel Selfossi og þar munu þingfulltrúar einnig vera í mat og gistingu ef þeir kjósa svo. Hér fyrir neðan eru upplýsingar um þau verð og tilboð sem samið hefur verið um við eigendur og starfsfólk hótelsins vegna þingsins.

Hótel Selfoss – gisting og veitingar	Verð
Eins manns herbergi m/morgunverði	11.800 kr.
Tveggja manna herbergi m/morgunverði	13.800 kr. (6.900 kr. pr. mann)
Veitingapakki – matur og kaffi allan þingtímann	8.340 kr.
Riverside Spa – aðgangur að Spa, tilboð	1.200 kr.

Formenn þurfa að panta bæði mat og gistingu fyrir sína fulltrúa eigi síðar en **24. september 2014**. Fram að þessum tíma erum við með frátekin herbergi á hótelinu en eftir þennan tíma er ekki hægt að ganga að gistingu/umbeðinni tegund gistingar vísri. Pantanir sendist á hilda@landsmot.is fyrir tiltekinn tíma og taka skal fram nafn fulltrúa, veitingar (já – nei), tegund gistingar (eins eða tveggja manna herbergi), komu- og brottfarardagar. Fulltrúi hvers félags gerir svo upp fyrir sína félagsmenn fyrir brottför á hótelinu, bæði mat og gistingu.

Tekið skal fram að vitaskuld munu einhverjir fulltrúar aðeins vera í mat og ekki nýta gistimöguleikana. Þá er nóg að taka það fram og senda pöntun einungis í matinn og kaffið.

Athugið, að skoða má aðstöðu Hótel Selfoss nánar inná vefnum www.hotelselfoss.is. Þar má meðal annars sjá myndir úr herbergjum, upplýsingar um Riverside Spa, Riverside Restaurant, almennt um þjónustuna sem boðið er uppá, o.fl. o.fl. Til að mynda fá hótелgestir frítt í sund í Sundhöll Selfoss svo eitthvað sé nefnt.

Bestu kveðjur,
f.h. LH,



Hilda Karen Garðarsdóttir
verkefnastjóri